

From: Þórunn Júlíusdóttir [thorjuli@gmail.com]
Sent: 19. maí 2012 15:55
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Bókun vegna athugasemda.

Sæl verið þið.

Mig langar að koma því á framfæri við ykkar að ég lét bóka sérálit mitt máli 727 um tillögu til þingsályktunar. Hana má lesa í fundargerð Skaftárhrepps frá 15. maí sl. fundur 347.

13. Umsögn um 727.mál, tillaga til þingsályktunar. Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 8.maí 2012.

Lögð er fram umsögn meirihluta sveitarstjórnar sem send var til nefndarsviðs Alþingis 7. maí s.l.

Þórunn óskar bókunar:

„Á síðustu vikum og mánuðum hefur verið að koma fram mikil andstaða íbúa Skaftárhrepps í garð þeirra virkjana sem um er að ræða í þessari umsögn. Íbúar Skaftártungu hafa líst í ræðu og riti hvernig þessar framkvæmdir ógna hefðbundnum landbúnaði og uppbyggingu ferðaþjónustu. Þá eru ófyrirséðar þær afleiðingar sem fyrirhugaðar framkvæmdir hafa á lífríki mikilvægra veiðivatna s.s. Tungufljótsins, Skaftár og vatnasvæðis hennar.

Ég er ósammála öllum þessum virkjunum og tek ekki undir þessa umsögn. Ég óska eftir því að sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetji til framkvæmda innan sveitarfélagsins í sátt við íbúa þess og náttúru.“

Með kveðju,

Þórunn Júlíusdóttir.